Fimleikasamband Íslands

Fimleikaþing 7. maí 2026

Þingskjal nr.__________

**Tillaga frá Gerplu um dómaramönnun og skipulag milli greina (hópfimleikar vs. Áhaldafimleikar.**

Íþróttafélagið Gerpla leggur til að FSÍ samræmi mönnun dómara á milli áhalda- og hópfimleika. Í áhaldafimleikum manna félögin hvern hluta eftir kvóta en í hópfimleikum manna félögin mótið eftir kvóta. Lagt er til að það fyrirkomulag sem er í gangi í áhaldafimleikum verði tekið upp fyrir hópfimleika.

**Greinargerð:**
Þetta fyrirkomulag sem hefur verið í hópfimleikum gerir það að verkum að Skráning dómara í hluta í hópfimleikum getur orðið það einsleitur að allir dómarar koma frá sama félagi. Það fyrirkomulag sem er í áhaldafimleikum tryggir að dómarar komi úr fleiri félögum í hvern hluta. Þeir dómarar sem eru lausir eða utan félags en fá ekki pláss í hluta gætu skráð sig til hliðar í skjalið sem möguleika/valkost ef félögin vantar dómara. Það myndi létta mörgum félögum vinnuna sem búa ekki það vel að hafa marga dómara innan síns félags.

Sent til:

☐Laganefndar ☐Allsherjarnefndar ☐Fjárhagsnefndar ☐__________nefndar